

Tilkynning
frá Stangaveiðifélagi Akraness.

1995.

Aðalsöfundagur veiðileyfa verður laugardagurinn 18. febrúar 1995. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi draga númer frá kl.11:00 - 12:00 fyrir hádegi og verða veiðileyfi afgreidd eftir þeim númerum frá kl.14:00 sama dag að Suðurgötu 108.

Þann 20. febrúar 1995 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum að Suðurgötu 108 kl. 20:00 - 21:30.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiaá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum umboð til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald (kr.1500) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyptra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VISA raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní, er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglum og undanfarin ár, þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val, í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segja til um, séu þeir mættir þegar sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð verða 2 stangir og í Andakílsá 2 stangir. Í Fáskrúð hefst veiði kl.16:00 byrjunardag (kl.15:00 eftir 15/8) og lýkur kl.13:00 heimferðardag. Í Andakílsá hefst hver veiðidagur kl.7:00 og lýkur kl.21:00 og 22:00. Um upphaf og lok á 1/2 dögum og hvíld er nánar getið á veiðileyfum.

Í Fáskrúð eru 2 dagar seldir saman og eru seldir út á tvö nöfn. Í Andakílsá er seldur 1 dagur og 1/2 dagur með 2 stöngum hver, sem seljast saman og þarf ekki nema eitt nafn til þess að kaupa báðar stangirnar. Stangir í Laxá í Leirársveit verða seldar ein og ein, eftir röð númera.

Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum, áskilur félagsstjórn sér rétt til að skera úr í hverju tilfalli, svo og að setja viðbótarreglur telji hún það nauðsynlegt.

Eins og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóvá-Almennum (sími 12800) annast sölu veiðileyfa fyrir félagið, eftir áður nefnda sölundaga.

MUNIÐ AÐ SÖLUSTADUR ER Á SUÐURGÖTU 108.

FÁSKRÚÐ

ANDAKÍLSÁ

Júní	24.-26.	kr.11.000	pr.st.	Júní	29.1/2d.	kr.7.000	pr.st.
"	26.-28.	" 10.000	"	"	30.	" 14.000	"
"	28.-30.	" 11.000	"	Júlí	1.	14.000	"
Júlí	6.- 8.	" 14.000	"	"	2.	14.000	"
"	8.-10.	" 15.500	"	"	3.1/2d.	7.000	"
"	10.-12.	" 16.500	"	"	9.1/2d.	8.000	"
"	18.-20.	" 14.000	"	"	10.	16.000	"
"	20.-22	" 15.000	"	"	11.	17.000	"
"	22.-24.	" 16.000	"	"	12.	17.000	"
Jú/ág	30- 1.	" 16.500	"	"	13.	17.000	"
Ágúst	1.- 3.	" 16.000	"	"	14.1/2d.	8.500	"
"	3.- 5.	" 16.000	"	Ágúst	7.1/2d.	8.500	"
"	13.-15.	" 17.000	"	"	8.	17.000	"
"	15.-17.	" 16.000	"	"	9.	17.000	"
"	23.-25.	" 16.500	"	"	10.	17.000	"
"	25.-27.	" 17.000	"	"	11.1/2d.	8.500	"
"	27.-29.	" 17.000	"	Sept.	6.1/2d.	7.500	"
Sept.	4.- 6.	" 13.000	"	"	7.	15.000	"
"	6.- 8.	" 13.000	"	"	8.	15.000	"
"	8.-10.	" 14.000	"	"	9.	14.000	"
"	16.-18.	" 12.000	"	"	10.	14.000	"
				"	11.	12.000	"
				"	12.1/2d.	6.000	"

LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT

14.	júní	4 st.	kr. 14.000	pr.stöng
15.	"	4 st.	" 14.000	"-
18.	"	4 st.	" 15.000	"-